

- Eg sé hann fyrir mér -

- - -

Eg sé hann fyrir mér kjamsandi þennan minnisstæða morgun. Það var 10. maí í vor. Landið hafði verið hernumið. Úti á höfninni lágu vígdrekarnir, gráir og skuggalegir. Niður við pósthúsið stóðu breskir hermenn og héldu vörð. Við landsíma-stöðina var annar vörður. Hótel Ísland hafði verið tekið. Rauði Krossinn blakti þar á stöng. Það ~~er~~^{var} verið að breyta gistihúsinu í hermannaspítala. Allsstað^a var viðbúnaður af hálfu setuliðsins.

Þetta var réttum mánuði eftir, að alþingi Íslendinga hafði lýst því yfir, að framvegis væri öll mál í okkar eigin höndum - og engra annara. Þjóðin hafði öldum saman þróað þann dag, að hún fengi að ráða sér sjálf. Nú var sú stund runnin. Atburðinn hafði borið með öðrum hætti en við höfðum vænst, með öðrum hætti en við höfðum vonað. En engu að síður - draumurinn hafði rætt.

Og nú var draumurinn búinn. Við höfðum að vísu fengið viðurkenningu tveggja stórvelda fyrir fullveldi okkar og sjálfstæði. En nú var verið að svifta okkur þessu langþráða frelsi, sem Íslendinga hafði dreymt um öldum saman, og aðeins hafði staðið í 30 daga.

Eg sé hann fyrir mér. Klukkan rúmlega sex um morguninn hríngdi einn góður vinur minn í símann. Hann sagði bara: "Þeir eru komnir", svo lagði hann heyrnartólið á. Eg var kominn ofan í bæinn áður en klukkan var 7. Hvernig voru landar mínir þennan morgun? Flestir þegjandalegir og alvarlegir. Einstaka hugsunarlitlir unglingar voru með sömu gapandi hnýsnina og þegar útlendir ferðamenn ryðjast í land af skemmtiskipunum með myndavélina í hendinni og kíkinn á maganum. Það var hóm yfir hvarmi á hverjum góðum Íslendingi þennan

frh.

morgun. Flestir fundu að mikið var misst. Mundum við nokkurn tíma fá það aftur?

Ég gekk um göturnar og niður ~~með~~^{við} höfnina og horfði á það sem fram fór. Klukkan var orðin langt gengin níu. Þá datt mér í hug að rétt væri að fá sér morgunkaffi. Ég fór inn á Hressingarskálann. Þar var fullskipað.

Og þar sé ég hann fyrir mér. Hann sat þar og kjamsaði. Hann sat þar og brosti, sama meinleysislega sælubrosinu og alla aðra daga. Var ekki ánægjulegt að sjá hann þarna svona áhyggjulausan og sælan, einmitt þessa morgunstund?

Það kann að vera. Mér féll illa kjamsið og sælubrosið. Voru ekki draumar okkar að hrynja í rústir? Var ekki verið að svifta okkur dýrustu eigninni, sem við áttum, frelsi þjóðarinnar og sjálfstæði? Höfðum við ekki misst fótanna um leið og við þóttumst loksins standa eigin fótum?

Þennan morgun hafði ég lesið þungar áhyggjur út úr augliti margs vinnulúins verkamanns niður við höfnina. Ekki voru þeir kallaðir til að standa á rétti þjóðar sinnar á örlagaríkustu stundinni í sögu hennar. En þeir brostu ekki.

En hér sat einn af leiðtogum þeirra, og ekki einungis þeirra, heldur landsins alls. Einmitt sá maðurinn, sem stöðu sinnar vegna, átti að hafa næmari tilfinningu fyrir því, sem var að gerast, en nokkur annar maður á Íslandi. Hann sat þarna og kjamsaði og brosti.

Það var ekki um að villast þarna var hann. Þarna var hann sjálfur. Þarna var hann allur - utanríkisráðherra Íslands, Stefán Jóhann Stefánsson.

Honum lá ekkert á. Það voru tveir tímar þangað til hann átti að veita ~~ráðgjöf~~ viðtöku fullveldisviðurkenningunni frá sendiherra Breta á Íslandi - og frelsissviftunni frá yfirhershöfðingja

Breta á Íslandi. Það var svo sem ekkert um að vera. Því skyldi hann ekki kjamsa í næði?

Það þykir karlmennskuvottur að bregða sér ekki við voveiflega hluti. Ó já! En það getur líka verið sljóleikavottur. Bara alment kindarlegt tilfinningaleysi.

En hvort heldur sem er, þá gleymi ég honum ekki, utanríkismálaráðherranum okkar, þar sem hann sat og brosti, sat og kjamsaði, meðan erlent herlið var að leggja undir sig landið. Morguninn 10. maí 1940 verður okkar ~~minnisstæður~~ minnisstæður. Mér er Stefán Jóhann minnisstæðastur af öllu, sem ég sá þann morgun.

Arni Jónsson.